

tæmt af langvarandi baráttu við þjáningar og óupp-
fylltar óskir? Á ég að biða þangað til nautnarork-
an er þrotin, þangað til ég er orðinn óhæfur til að
leita sælunnar? Að lifa, það er að neyta. Lif án
nautnar er uppgerðarlíf".

"Nei — ég vil ekki biða, ég verð að vera frjals —
eða deyja. En faðir minn er maður á bezta aldri.
Hann getur orðið mjög gamall maður — hann getur
lifað lengur en ég. Dauði og djöfnill!"

Á þessu augnabliki fann unglugurinn afmíkla
hönd lagða á herðar sínar. Hann hupaði á hæl og
sneri sér við.

Frammi fyrir honum stóð maður, á að gizka 45
ára gamall, útlitið var svo gölugt, að það krafðist
virðingar, blossinn í augunum tempraðist af hinni
rólegu alvöru, er ríkti á hinu háa enni, sem hvorki
tíminn eða áhyggjurnar höfðu merkt með einni ein-
ustu hrukku.

Klæðnaður hans var sem unga mannsins og vopn-
in sömuleiðis. Ungi maðurinn varð vandræðilegur
fyrir hinum rannsakandi augum, sem á hann horfðu.

"Nú, góði Eberhard minn", sagði eldri maðurinn,
"ég held það liggi illa á þér. Eða hverju varstu að
blóta, þegar ég kom?"

"Mér gramdist, hve illa mér gengur að lifa",
svaraði unglingurinn sjáanlega leiminn. "Hefir þú
verið hepnari, pabbi?"

"Já, ég hefi verið sérlega heppinn, ég hefi skotið
tvo ráhafra síðan við skildum. Komdu með mér til
greiðasöluhússins, þar skaltu fá villibráð".

"Ég þakka þér fyrir, faðir minn, en segðu mér
fyrst, hvort það er óbáfanlegur ásetningur þinn að
fara heim til Svíaríkis, án þess að heimsækja Ítalíu,
sem þú veizt að mig langar svo innilega til".

"Við verðum að fresta þeirri ferð til annars árs.
Ég er búinn að vera nógu lengi frá heimilinu, og